

Þriðjudaginn 7. maí 1968.

Nr. 64/1968. **Ákærvaldið**
(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn
Péttri Ólafi Pálssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Lögreglumennirnir Agnar Angantýsson og Rögnvaldur Bjarnason, sem stóðu ákærða að bifreiðarakstri þeim, er í ákæru og héraðsdómi greinir, hafa eftir áfrýjun málsins komið fyrir dóm, og er vætti þeirra í samræmi við atvikalýsingu dómsins.

Ákærði ók bifreið sinni ökuréttindalaus sunnudaginn 26. nóvember 1967, en eigi fimmtudaginn 30. nóvember 1967, svo sem greint er í ákæru. Heimilt er þó samkvæmt 118. gr. laga nr. 82/1961 að leggja dóm á sakarefni þetta, eins og á stendur.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að refsing ákærða ákveðst samkvæmt 3. mgr. 80. gr. laga nr. 26/1958 varðhald 10 daga.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Ólafur Pálsson, sæti varðhaldi 10 daga.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun

verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 17. janúar 1968.

Ár 1968, miðvikudaginn 17. janúar, var í sakadómi Vestmannaeyja, sem haldinn var í skrifstofu embættisins að Bárugötu 15 af Jóni P. Emils, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp svolatandi dómur í sakadómsmálinu nr. 981/1967: Ákærvaldið gegn Pétri Ólafi Pálssyni:

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. þ. m., er að ákærvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða „fyrir að aka fimmtudaginn og föstudaginn 30. nóvember og 1. desember 1967, sviptur ökuréttindum, bifreiðinni V 482 um götur Vestmannaeyja.

Telst þetta varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Búðum, Fáskrúðsfirði, hinn 3. nóvember 1927. Hann hefur sætt kærnum og refsingum, eins og nú skal greina:

„Í Vestmannaeyjum:

- | | |
|------------|---|
| 1956 | Kærður fyrir brot á 142., sbr. 1. mgr. 22. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað í 2 ár samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins frá 5. 9. 1956. |
| 1956 9/10 | Dómur: 1.000.00 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 19/4 1956 fyrir brot á 3. mgr. 24. gr., sbr. 38. gr. bifreiðalaga. |
| 1966 28/1 | Áminning fyrir brot á 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga. |
| 1967 13/11 | Sátt, 3.000.00 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 13. 11. 1967. |
| 1967 20/11 | Dómur: 4 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga. |

Málavextir eru þeir, að lögreglan í Vestmannaeyjum varð vör við, að ákærði ók bifreið sinni, V 482, eftir Hilmisgötu sunnudaginn 26. nóvember s.l. Enn fremur stóð lögreglan ákærða að því að aka eftir Skildingavegi föstudaginn 1. desember s.l. Þennan

akstur framkvæmdi ákærði, enda þótt hann hefði verið sviptur ökuleyfisréttindum í 4 mánuði hinn 13. nóvember s.l.

Þetta brot ákærða telst varða við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3.000.00 króna sekt í ríkissjóð.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Pétur Ólafur Pálsson, greiði 3.000.00 króna sekt í ríkissjóð. Verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, skal ákærði sæta varðhaldi í 15 daga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. maí 1968.

Nr. 65/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Péttri Ólafi Pálssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og málflutningslaun verjanda síns, kr. 6.000.00.